

Dags. fundar: 20. júní 2011	Tími: 20:00	Nr. fundar: 04-2011
Fundarboðari: Sigríður Pálsdóttir	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Staður: Heimili formanns.

Efni fundar:

1. Þjálfaramál.
2. Lokahátíð.
3. Auka fjölda iðkenda.
4. Önnur mál.
 - a. AMÍ.
 - b. Merkja eigur deildarinnar.
 - c. Aðgangur að heimasíðunni.
5. Næsti fundur

Viðstaddir: Sigríður Pálsdóttir, Edda Björk Óladóttir, Sigríður Runólfssdóttir, Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir og Bryndís Ólafsdóttir.

Boðuð forföll: Enginn

Fjarverandi en boðaðir: Enginn

Dagskrá:

1. Fyrir liggur að Bryndís Ólafsdóttir sem verið hefur yfirþjálfari deildarinnar mun ekki þjálfa áfram hjá deildinni. Búið er að auglýsa eftir nýjum þjálfara á heimasíðu SSÍ (www.sundsamband.is) og verður það einnig gert á heimasíðu UMFS (www.umfs.is) og í blöðum. Guðbjörg Bjarnadóttir sem þjálfaði yngri hópa deildarinnar frá áramótum (2010) er tilbúin að halda þeirri þjálfun áfram nema nýr þjálfari óski eindregið eftir að sjá um alla hópa.
2. Til stóð að hafa lokahátíð deildarinnar 7. júní sl., en vegna veikinda og annarra óviðráðanlegra aðstæðna þurfti að fresta lokahátíðinni. Ákveðið er að hún verði fimmtudaginn 23. júní í Þrastarskógi og verður sendur út tölvupóstur.
3. Ýmsar hugmyndir eru í gangi varðandi að auka fjölda iðkenda innan deildarinnar. Rætt var m.a. að hitta íþróttakennara grunnskólanna sem sjá um sundkennslu með haustinu og heyra þeirra stöðu og hvort ekki væri hægt að efla samstarf á milli skólanna og deildarinnar til að vekja áhuga krakka.

4.
 - a. Aldursflokkameistaramót Íslands (AMÍ) hefst á Akureyri 23. júní n.k. Enginn keppandi fer frá deildinni þetta árið en einn iðkandi hefur náð tilskyldum lágmörkum. Var æfingatími gullhópsins miðaður við AMÍ þannig að þau verða komin í sumarfrí í þessari viku.
 - b. Næsta laugardag, 25. júní, kl. 9:00 ætla vaskur hópur foreldra að hittast í sundlauginni til að merkja eigur sunddeildarinnar s.s. dýnur, millifótakúta, korka, núðlur o.fl. sem deildin á.
 - c. Nýr formaður deildarinnar er ekki enn búin að fá aðgang að svæði sunddeildarinnar á heimasíðu UMFS. Ýmsar upplýsingar eru komnar til hennar sem bíða þess að verða settar á vefsvæðið s.s. úrslit úr mótum, myndir o.fl.
5. Formaður mun boða til hans.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Auglýsing um þjálfara	SP	Sem fyrst
Tilkynning um lokahátíð í Þrastarskógi	SP	Í kvöld

Fylgiskjöl: Engin.

Fundi slitið kl: 21:45

Næsti fundur: Verður boðað til hans..